

Nd.

188. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. tölulið kemur nýr (2.) tölul., svo hljóðandi (og breytist röð töluliðanna á eftir samkv. því):

að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða nauðsynlega sjúkrahjálp vegna slysa við tryggingarskylda vinnu, hvort sem aðili er samlagsmaður í sjúkrasamlagi eða ekki, og eigi lægri upphæð en sams konar greiðslur sjúkrasamlaga til samlagsmanna nema samkvæmt III. kafla laga nr. 104 1943.